

Úthlutunarreglur Hvatningarsjóðs Kviku

1 Tilgangur og markmið

- 1.1 Kvika, í samstarfi við Samtök iðnaðarins, hefur stofnað hvatningarsjóð sem hefur það hlutverk að veita styrki til nema í iðn- og stafsnámi.
- 1.2 Markmiðið með sjóðnum er að efla umræðu og vitund um mikilvægi iðn- og starfsnáms og þýðingu starfa sem því tengjast fyrir íslenskt atvinnulíf. Skortur er á iðnmenntuðu starfsfólki og er sá skortur víða orðinn hamlandi fyrir starfsemi fyrirtækja.

2 Stærð

- 2.1 Sjóðurinn veitir styrki að fjárhæð samtals 5 milljónir króna árlega í þrjú ár. Heildarstyrkir munu því nema samtals 15 milljónum króna.
- 2.2 Miðað er við að árlegir styrkir skiptist í þrjá flokka, 2x1.000.000, 2x500.000 og 10x200.000. Úthlutunarnefnd er þó heimilt að breyta fjárhæðunum og flokkunum ef sérstakar ástæður réttlæta það að hennar mati.

3 Auglýsingar

- 3.1 Kvika auglýsir eftir umsóknum um styrki í sjóðinn á tímabilinu mars – maí ár hvert vegna komandi skólaárs.
- 3.2 Auglýsingar verða birtar í dagblöðum eða með öðrum sannanlegum hætti. Þá verða auglýsingar birtar á heimasíðum Kviku og Samtaka iðnaðarins.

4 Umsóknir

- 4.1 Eingöngu namar sem hafa, að lágmarki, lokið fyrsta ári í námi í löggiltum iðngreinum sem heyra undir Samtök iðnaðarins geta sótt um styrk.
- 4.2 Sótt skal um styrk með því að senda umsókn á netfangið hvatningarsjodur@kvika.is.
- 4.3 Í umsókn skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar um umsækjanda, þ.á m upplýsingar um nám, skóla og námssamning, ef við á. Nema annað sé tekið fram er litið svo á að með umsókn sé sótt um hámarksstyrk.
- 4.4 Með umsókn skulu fylgja a.m.k. eftirfarandi gögn:
 - a) Staðfesting á skólavist og eftir atvikum námssamningi.
 - b) Upplýsingar um umsækjanda þar sem fram kemur m.a. af hverju umsækjandi hefur valið það nám sem hann er í og framtíðarhugmyndir hans með náminu.

Auk framangreinds eru umsækjendur hvattir til að senda önnur gögn og upplýsingar sem stutt geta við umsóknina, s.s. einkunnir og umsögn kennara eða annarra sem þekkja umsækjanda.

- 4.5 Farið verður með allar umsóknir og upplýsingar í fylgigögnum sem trúnaðarmál.


5 Mat á umsóknum

- 5.1 Sérstök úthlutunarnefnd fer yfir umsóknir og tekur ákvörðun um styrkveitingar. Úthlutunarnefndin skal skipuð þremur aðilum, tveimur tilnefndum af Kviku og einum tilnefndum af Samtökum iðnaðarins. Kvika skipar í úthlutunarnefndina á grundvelli tilnefninga.
- 5.2 Við mat á umsóknum og úthlutun styrkja er m.a. litið til eftirfarandi atriða:
- Bakgrunns umsækjanda og sögu.
 - Vöntun í viðkomandi iðngrein.
 - Kynjahlutfalla í viðkomandi iðngrein.
 - Frammistöðu umsækjanda í námi og starfi.
 - Byggðasjónarmiða.
- 5.3 Ávallt verður litið til kynjahlutfalla við mat á umsóknum og úthlutun styrkja og leitast við að hafa þau jöfn. Við úthlutun styrkja að fjárhæð 500.000 eða meira skal a.m.k. helmingi slíkra styrkja úthlutað til kvenna.

6 Afgreiðsla styrkja og skuldbindingar

- 6.1 Innan tveggja mánaða frá því að umsóknarfrestur um styrk rennur út skal umsækjendum svarað um hvort þeir hafa hlotið styrk eða ekki.
- 6.2 Umsækjendur sem þiggja styrk að fjárhæð kr. 500.000 eða meira skuldbinda sig til vinna að framgangi og markmiðum sjóðsins í samstarfi við Kviku og Samtök iðnaðarins. Í því felst m.a. að viðkomandi aðilar skuldbinda sig, án frekara endurgjalds, til að taka þátt í kynningum og auglýsingum á sjóðnum, s.s. með viðtölum og myndum sem Kviku er heimilt að nota í kynningum á líftíma sjóðsins.
- 6.3 Í september ár hvert fer fram formleg úthlutun styrkja. Fyrir úthlutun skal styrkþegum sendur styrktarsamningur þar sem fram koma þau skilyrði og eftir atvikum skuldbindingar sem fylgja styrkveitingu. Undirritun slíks samnings er skilyrði fyrir úthlutun á styrk til styrkþega.
- 6.4 Styrkir eru greiddir út í byrjun júní vegna úthlutunar á árinu á undan. Skilyrði fyrir útgreiðslu styrks er að umsækjandi hafi uppfyllt þau skilyrði og eftir atvikum skuldbindingar sem fram koma í styrktarsamningi.

Reykjavík, 11. maí 2018



Ármann Þorvaldsson, forstjóri